

Alþingi
Erindi nr. P 127/631
komudagur 24.1.2002



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
Þórarinn Þorgeirsson, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Reykjavík, 22. janúar 2002.

**Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 57/1996 um umgengni um
nytjastofna sjávar (286. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð getur fallist á það sjónarmið frumvarpsins að eftirlit með brottkasti geti verið vandasamt. Hins vegar telur Verslunarráð að frumvarpið sé meira íþyngjandi gagnvart útgerð en tilefni er til. Þannig má velta fyrir sér hvernig það geti samrýmst gæðakröfum í sjávarútvegi að sigla með skemmdan fisk um borð, innan um annan afla. Að vísu kveður frumvarpið á um að halda eigi skemmdum afla aðgreindum frá öðrum. Því er hins vegar ekki svarað hvort til dæmis um borð í frystitogurum sé skylt að frysta skemmdan afla. Það hlýtur í öllu falli að vera erfitt að aðgreina afla á þann hátt að ekki sé slegið af gæðakröfum.

Verslunarráð hefur efasemdir um að sú breyting sem frumvarpið boðar sé réttlætjanleg með tilliti til kostnaðar sem af henni hlýst og tilefni.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigríður Ásthildur Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is